

---

2. fundur stjórnar

---

Mættir: Elfa, Helga, Rakel, Sigríður og Jón.

Efni fundar:

- Varmárskóli tilnefnir tvo fulltrúa í SAMMOS auk varamanns. Aðalmenn: Helga formaður, Elfa og varamaður: Rakel.
- Á nýfstöðnum fundi SAMMOS þar sem stjórnir allra foreldrafélaga hittust var ákveðið að senda í aðdraganda kosninga sameiginlega hvatningu um skólamál til allra framboða í Mosfelling.
- Jafnframt var ákveðið að Foreldrafélagið myndi senda spurningar varðandi skólamál á öll framboð og birta í Mosfellingi. Svör framboða verða birt á nýrri fésbókarsíðu Foreldrafélagsins sem verið er að koma upp.
- Til að fylgja eftir áhyggjum foreldra af aðbúnaði og ástandi á húsnæði skólans sendir foreldrafélagið formlegt erindi til bæjarstjórnar, bæjarstjóra og skólastjórnenda.
- Á heimasíðu skólans er búið að fjarlægja flestar skýrslur er varða mat á skólastarfi og þykir eðlilegt að séu aðgengilegar og ríki gagnsæi um. Óskað verður eftir skýringum og að þær verði aftur settar inn.
- Greiðsluseðlar voru ekki sendir á félagsmenn (foreldra) í vetur. Þar sem lítið er eftir af skólaárinu og gjaldkeri ekki kominn með umboð var ákveðið að senda greiðsluseðla í haust sem þykir jafnframt heppilegri tími, og minna svo á yfir veturinn.
- Ákveðið var að veita hvatningarverðlaun til kennara sem hefur skarað fram úr í starfi áður en skólaári lýkur. Jafnframt að kaupa sumargjöf fyrir svipaða upphæð og í fyrra og hefur verið: boltar, sippubönd eða annað sem þarf að endurnýja.

Fundi slitið.